



Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/1787
komudagur 23.3.2011

Reykjavík, 22. mars 2011
Mál nr. 0903014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa

Samgöngunefnd hefur óskað eftir umsögn neðangreindra samtaka um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa.

Samtök aðila í sjávarútvegi og landflutningum hafa ítrekað hafnað hugmyndum um að steypa saman lögum um rannsókn sjóslysa, flugslysa og umferðarslysa í ein lög og eina rannsóknarnefnd.

Þessari grundvallarskoðun hefur verið komið rækilega á framfæri í umsögnum aðila til samgöngunefndar Alþingis frá 19. janúar 2010 og til samgönguráðuneytisins þann 22. september 2009 og 31. mars 2009.

Eins og kemur fram í umsögnum aðila:

- Þá er ekki verið að auka skýrleika og skilvirkni þeirra laga sem í gildi eru.
- Sjálfstæði rannsóknarnefndanna hefur verið styrkt, en með þessum breytingum er verið að draga úr sjálfstæði þeirra.
- Slysarannsóknir krefjast mikillar sérþekkingar og reynslu, en hvergi er sýnt fram á hver samlegðaráhrifin yrðu við rannsóknir slysa í einstökum greinum.
- Það gilda ekki sömu alþjóðlegu reglur um rannsókn slysa, sérsjónarmið gilda um hverja starfsemi eðli málsins samkvæmt.
- Engin rök hafa verið lögð fram af hálfu ráðuneytisins sem sýna fram á að rannsóknnum sé ábótavant í dag.
- Sátt ríkir um gildandi fyrirkomulag slysarannsókna í dag, en með frumvarpinu er verið að setja þetta umhverfi í óvissu.

Engin umræða hefur átt sér stað um þann grundvallarágreining sem er á milli frumvarpshöfunda og neðangreindra aðila um stofnun einnar rannsóknarnefndar samgönguslysa. Óskað er því sérstaklega eftir að fulltrúar neðangreindra aðila fái að koma á fund samgöngunefndar til að skýra mál sitt frekar.

Virðingarfyllst,

f.h. umsagnaraðila
Friðrik Friðriksson, hdl.

Hjálagt eru fyrri umsagnir aðila



Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2011
Mál nr. 0903014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa

Samgöngunefnd hefur óskað eftir umsögn neðangreindra samtaka um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa.

Samtök aðila í sjávarútvegi og landflutningum hafa ítrekað hafnað hugmyndum um að steypa saman lögum um rannsókn sjóslysa, flugslysa og umferðarslysa í ein lög og eina rannsóknarnefnd.

Þessari grundvallarskoðun hefur verið komið rækilega á framfæri í umsögnum aðila til samgöngunefndar Alþingis frá 19. janúar 2010 og til samgönguráðuneytisins þann 22. september 2009 og 31. mars 2009.

Eins og kemur fram í umsögnum aðila:

- Þá er ekki verið að auka skýrleika og skilvirkni þeirra laga sem í gildi eru.
- Sjálfstæði rannsóknarnefndanna hefur verið styrkt, en með þessum breytingum er verið að draga úr sjálfstæði þeirra.
- Slysarannsóknir krefjast mikillar sérþekkingar og reynslu, en hvergi er sýnt fram á hver samlegðaráhrifin yrðu við rannsóknir slysa í einstökum greinum.
- Það gilda ekki sömu alþjóðlegu reglur um rannsókn slysa, sérstaklega gilda um hverja starfsemi eðli málsins samkvæmt.
- Engin rök hafa verið lögð fram af hálfu ráðuneytisins sem sýna fram á að rannsóknnum sé ábótavant í dag.
- Sátt ríkir um gildandi fyrirkomulag slysarannsókna í dag, en með frumvarpinu er verið að setja þetta umhverfi í óvissu.

Engin umræða hefur átt sér stað um þann grundvallarágreining sem er á milli frumvarpshöfunda og neðangreindra aðila um stofnun einnar rannsóknarnefndar samgönguslysa. Óskað er því sérstaklega eftir að fulltrúar neðangreindra aðila fái að koma á fund samgöngunefndar til að skýra mál sitt frekar.

Virðingarfyllt,

f.h. umsagnaraðila

Friðrik Friðriksson, hdl.

Hjálagt eru fyrri umsagnir aðila



Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. janúar 2010
Mál nr. 0903014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa

Samgöngunefnd hefur óskað eftir umsögn neðangreindra samtaka um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa.

Samtök aðila í sjávarútvegi og landflutningum hafna hugmyndum um að steypa saman lögum um rannsókn sjóslysa, flugslysa og umferðarslysa í ein lög og eina rannsóknarnefnd.


Þessari grundvallarskoðun hefur verið komið rækilega á framfæri í umsögnum aðila til ráðuneytisins við undirbúning frumvarpsins. Það er því rangt og misvísandi farið með í kafla IV í athugasemdum með frumvarpinu að segja tekið hafi verið tillit til athugasemda umsagnaraðila. Ráðuneytinu bar að tilgreina og rökstyðja sérstaklega að það hafi ekki tekið tillit til grundvallarathugasemda neðangreindra aðila til að upplýsa Alþingi með réttum hætti um stöðu málsins.


Eins og kemur fram í einstökum og sameiginlegum umsögnum aðila:


- Þá er ekki verið að auka skýrleika og skilvirkni þeirra laga sem í gildi eru.
- Sjálfstæði rannsóknarnefndanna hefur verið styrkt, en með þessum breytingum er verið að draga úr sjálfstæði þeirra.
- Slysarannsóknir krefjast mikillar sérþekkingar og reynslu, en hvergi er sýnt fram á hver samlegðaráhrifin yrðu við rannsóknir slysa í einstökum greinum.
- Það gilda ekki sömu alþjóðlegu reglur um rannsókn slysa, sérsjónarmið gilda um hverja starfsemi eðli málsins samkvæmt.
- Engin rök hafa verið lögð fram af hálfu ráðuneytisins sem sýna fram á að rannsóknnum sé ábótavant í dag.
- Sátt ríkir um gildandi fyrirkomulag slysarannsókna í dag, en með frumvarpinu er verið að setja þetta umhverfi í óvissu.
- Engin gögn voru lögð fram við undirbúning frumvarpsins til að rökstyðja þá hagræðingu sem ná á skv. frumvarpinu. Upplýsa ber um það kostnaðarmat sem ráðuneytið hefur gert.
- Óskað var eftir samráði við ráðuneytið um undirbúning þessa máls, en ráðuneytið svaraði því engu.


Tekið hefur verið tillit til nokkurra efnisatriða í umsagnarferlinu, en engin umræða hefur átt sér stað um þann grundvallarágreiðing sem er á milli frumvarpshöfunda og neðangreindra aðila um stofnun einnar rannsóknarnefndar samgönguslysa. Óskað er því sérstaklega eftir að fulltrúar neðangreindra aðila fái að koma á fund samgöngunefndar til að skýra mál sitt frekar.


Virðingarfyllst,



Landssamband
íslenskra útvegsmanna


Samtök verslunar og þjónustu


Slysavarnarfélagið Landsbjörg


Farmanna og fiskimannasamband
Íslands


Sjómannasambandi Íslands


VM-Félag vélstjóra og
málmtæknumanna

Samgönguráðuneytið
Tryggvagötu/Hafnarhúsi
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2009
Mál nr. 0903014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa

Samgönguráðuneytið hefur óskað eftir umsögn neðangreindra aðila um endurskoðað frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa. Við skoðun endurskoðaðra frumvarpsdraga verður ekki séð að neitt tillit hafi verið tekið til athugasemda umsagnaradila. Við undirbúning þessarar umsagnar var haft samráð við forstöðumann rannsóknarnefndar flugslysa sem var sammála mati umsagnaradila um að með því að steypa saman lögum um rannsókn sjó-, flug- og umferðarslysa í ein lög sé ekki verið að auka skýrleika og skilvirkni þeirra laga sem hafa gilt, enda ekki sjálfgefið að sambærilegar reglur eigi við í öllum tilvikum um þessa þrjú málaflokka. Nær hefði verið að taka upp ákvæði nügildandi laga með áherslu á aðskilnað rannsóknarnefndanna þriggja, enda ríkir um þau almenn sátt.

Fyrri umsagnir aðila eru því ítrekaðar við ráðuneytið og óska neðangreind hagsmunasamtök eftir samráði við ráðuneytið hið fyrsta varðandi framhald málsins.

Virðingarfyllst,



[Handwritten signature]
Landsamband
íslenskra útvegsmanna



[Handwritten signature]
Samtök
verstúna- og þjónustu



[Handwritten signature]
Slysavarnarfélagið
Landsbjörg



FFSÍ
[Handwritten signature]
Fiskimannafélag Íslands



[Handwritten signature]
Sjómannasamband Íslands



VM
Félag vélstjóra
og málmatæknimanna
[Handwritten signature]
VM-Félag vélstjóra og
málmatæknimanna

Samgönguráðuneytið
Ástríður S. Thorsteinsson
Tryggvagötu/Hafnarhúsi
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2009
Mál nr. 0903014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa

Samgönguráðuneytið hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, VM-Félags vélstjóra og málmæknimanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnarfélagsins Landsbjörgu. Umræddir aðilar hafa farið yfir frumvarpsdrögin og ákveðið að senda ráðuneytinu sameiginlega umsögn um frumvarp til laga um um rannsókn samgönguslysa.

Frumvarpið felur í sér sameiningu laga um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000, laga um rannsókn flugslysa nr. 35/2004 og laga nr. 24/2005 um rannsóknarnefnd umferðarslysa. Gert er ráð fyrir að ný nefnd, Rannsóknarnefnd samgönguslysa heyri undir ráðherra samgöngumála.

Megintilgangurinn með sameiningu rannsóknarnefndanna er að leitast við að ná fram hagræðingu og efla rannsókn samgönguslysa með því að starfsmenn annars fámennra nefnda hafi stuðning og styrk af hver öðrum við stærri rannsóknir.

Það er skoðun samtakanna að huga þurfi vel að rannsóknnum sjóslysa og að veita beri rannsóknarnefnd sjóslysa alla þá aðstoð sem hún þarf á að halda. Markmiðið á alltaf að vera að auka og efla forvarnir og öryggi skipverja og annarra sæfarenta.

Frumvarpið felur í sér umtalsverðar breytingar á núgildandi fyrirkomulagi. Markmið þess eru góð og til dæmis er tekið undir með að efla þurfi skráningu og greiningu slysa í samvinnu við hagsmunaaðila. Aftur á móti eru skýringar við frumvarpið ekki nægilega góðar, þannig að hægt sé að taka efnislega afstöðu til einstakra atriða.

Efni frumvarpsins þyrfti því frekari meðferðar við í samvinnu við hagsmunaaðila og aðra þá sem koma að framkvæmd þeirra atriða sem frumvarpið lýtur að, áður en það er afgreitt úr ráðuneytinu.

Um einstaka þætti frumvarpsins

Við heildarendurskoðun skipulags slysarannsóknna á Íslandi er eðlilegt að líta til þeirra þjóða sem við viljum bera okkur helst saman við og alþjóðlegra skuldbindinga.

Frumvarpið upplýsir ekki um hvernig slysarannsóknnum er fyrirkomið og hvernig skipulag þeirra er hjá öðrum þjóðum. Það hefði verið til mikilla bóta að sjá slíka greinargerð.

Frumvarpinu er ætlað að ná fram hagræðingu, en samt fylgja engin töluleg gögn því til stuðnings eða áætlun um hvernig ná eigi fram aukinni hagræðingu.

Frumvarpið svarar ekki með heildstæðum hætti hvort að rannsóknnum flug-, sjó- eða umferðarslysa sé ábótavant í dag. Það vantar greinargerð um þau atriði sem betur mega fara hjá einstökum rannsóknarnefndum og til hvaða ráðstafanna hægt er að grípa innan gildandi lagaramma og hvaða umbætur umrætt frumvarp felur í sér umfram núgildandi úrræði.

Slysarannsóknir er afmarkað fag og krefst mikillar fagþekkingar og reynslu. Fullyrt er að starfsmenn nefndanna hefðu styrk og stoð af hver öðrum, en ekki er gerð nægilega grein fyrir með fræðilegum hætti hver yrðu samlegðaráhrifin við rannsóknir slysa í einstökum samgöngugreinum.

Rannsóknarnefndin á að vera sjálfstæð, óháð og falla utan gildissviðs stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Engu að síður er ráðherra falið umtalsvert vald til afskipta af nefndinni og málsmeðferð keimlík meðferð stjórnsýslumáls. Það má velta fyrir sér hvort ekki sé rétt að koma á fót sjálfseignarstofnun með sérstakri stofnskrá, sérstaklega með tilliti til þess að stjórnsýslulög eigi ekki að gilda um starfsemi nefndarinnar. Með þeim hætti væri umgjörð nefndarinnar skýrari en ella.

Frumvarpið leggur til tvær leiðir við skipan rannsóknarnefndarinnar. Við mat á leiðum hefði þurft greinargerð um skipulag þessara mála hjá nágrannaþjóðunum. Það er okkar mat að ef komið verði á fót sérstakri rannsóknarnefnd samgönguslysa, sé best að undir henni starfi þrjár sérstakar rannsóknarnefndir, þ.e. ein fyrir hvern geira. Rannsóknarnefnd sjóslysa væri þannig með starfandi formann auk fjögurra annarra nefndarmanna. Nefndarmennirnir hefðu sérþekkingu á skipstjórn fiski- og kaupskipa, vélstjórn og hönnun skipa.

Starfsemi flugvéla, bifreiða og skipa eru ólík og ekki er sjálfgefið að leggja þessar atvinnugreinar að jöfnu sem rannsóknarvettvang. Hver málaflokkur þarfnast sérþekkingar og gera verður athugasemdir við hugtakið "samgönguslys" og þeirra réttaráhrifa sem því er ætlað. Halda ber vel utan um starfsemi á sjó og þeirra sérsjónarmiða sem þar eiga við, en af lestri frumvarpsins er það ekki nægilega tryggt.

Frumvarpið setur fram mismunandi forsendur fyrir rannsókn eftir atvinnugrein. Það er gert með ólíkum skilgreiningum í 4. gr. frumvarpsins um atburði og áhrifum eða afleiðingum þeirra, sem rannsaka á. Einnig er talað um óhöpp eða næstum því slys varðandi flugið en ekki skip. Eðfílegt væri að setja skýrari ramma fyrir rannsókn, þannig að rannsóknaraðgerðir byggðu á samræmdum skilgreiningum fyrir rannsókn slysa.


Mikilvægt er að við slysarannsóknir sé ekki verið að leitast við að saka einn eða annan. Rannsókn á að miða að því einu að koma í veg fyrir slys og auka öryggi. Rannsóknarnefndirnar eru ekki til að sakfella menn, heldur til að læra af og auka

öryggi og aðbúnað. Skil milli rannsóknar slyss og rannsóknar í sakamáli verða því alltaf að vera skýr og ótvíræð.

Í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins er rannsóknarnefnd veitt heimild til að veita lögreglu almennar upplýsingar um rannsókn vettvangs ef við á og aðstoð við úrlausn tæknilegra álitaeftna. Hér er mikilvægt að staða þeirra einstaklinga sem er verið að rannsaka njóti réttarverndar og þeir eigi tækifæri til að bregðast við. Samkvæmt gr. 12.2 í ISM kóða MSC.255(84), þá eiga skipverjar rétt á að vera upplýstir um og gefinn réttur á aðstoð lögmans ef þeir hafa stöðu grunaðs manns. Ákvæði 3. mgr. opnar á grá svæði á milli rannsóknar mögulegrar refsiverðrar háttsemi og slyss og því afar brýnt að gætt sé að réttarvernd aðila, veiti nefndin lögreglu upplýsingar eða aðstoð.

Í frumvarpinu eru teknar upp margvíslegar orðskýringar í 3. gr. Orðskýringar hugtaka er vandmeðfarnar og hvað þá þegar verið er að lögleiða ákveðnar skilgreiningar. Lagt er til að fella orðskýringarnar niður í lagafrumvarpinu og taka þær upp í verklagsregur eða leiðbeiningar sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



f.h. umsagnaraðila,
Friðrik Friðriksson, hdl.

Landssamband íslenskra útvegsmanna
Farmanna- og fiskimannasambands Íslands
Sjómannasamband Íslands
Slysavarnarfélagið Landsbjörg
VM- Félag vélstjóra og málmtæknimanna

